

Óskum við þess á dánarbeiðinu að
hafa eytt meiri tíma í vinnunni?

*Erindi flutt í sjöttu málstofu, Starf, fjölskylda
og einkalíf í umróti efnahagslæggðar, á
Jafnréttisþingi 4. febrúar 2011*

Dr. Gyða Margrét Pétursdóttir

Frá níu til fimm?

Hver ákvað að vinna ætti að vera frá níu til fimm? Mér finnst þetta, af því að þegar maður spáir í það, frá níu til fimm. Ég meina þú ert kannski að fara með barnið þitt á leikskóla klukkan hálf níu og sækja það hálf sex, þú tekur engan þátt í uppeldinu, ekki neinn einasta. Ég meina hálf sex, þá eruð þið komin heim klukkan sex miðað við að þú þarft ekki að fara í búðina eða neitt, og elda matinn og barnið er farið að sofa klukkan átta. Mér finnst þetta bara ömurleg þróun, en ég er ekki hlynnt því að konur fari aftur inn á heimilin.

Vitundarvakning

- Tillögur nefndar:
 - *Tveir lyklar að samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu*
 - Byggt á áleitnum spurningum og dæmisögum
 - Efni á vef Jafnréttisstofu
 - Endurvakning *Hins gullna jafnvægis*
 - Ráðstefna
 - Vefsvæði
 - Vika samræmingar fjölskyldulífs og atvinnu

Ein æska

Börnin eiga aðeins eina æsku... Seinna verður ekki unnt að vinda til baka og bæta þeim upp það sem nú væri af þeim tekið.